

vinnutímabilið skuli vera 7 virkar stundir, þ. e. raunverulega unnar stundir.

Það þykir mega fallast á rökstuðning stefnda fyrir því, að umdeilt ákvæði 4. gr. verði ekki skýrt á þann veg, er stefnandi vill, því það er beinlínis tekið fram í greininni, að vinnutímabilið skuli vera 7 virkar klst. Og með því að dómkröfum stefnanda verður ekki fundin stoð í öðrum ákvæðum sammingsins verða þær ekki teknar til greina, og ber því að sýkna stefnda, svo sem hann hefur gert kröfur til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags ísl. iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 18. desember 1943.

Nr. 20/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn

atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útg. 25. okt. s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Svalbarðsstrandar gegn atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að viðurkennt verði, að horið hafi samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, staðfestu í bréfi vegamálastjóra 2. maí þ. á., að greiða kr. 2.10 á klst. í dagvinnu á starfssvæði Verklýðsfélags Sval-

barðsstrandar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að dæmt verði, að aðeins hafi borið að greiða kr. 2.10 á klst. í vegavinnu á svæði því, er greinir í kröfum stefnanda, frá og með 24. júní þ. á. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að síðastliðið vor fóru fram samkomu-
lagsumleitanir milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands um kaup og kjör í vegavinnu um land allt á s. l. sumri, en alþýðusambandið hafði fengið umboð til þess að semja um þessi málefni við ríkisstjórnina. Leiddu nefndar umleitanir til samninga og með bréfi, dags. 2. maí síðastl., tjáir vegamálastjóri alþýðusambandinu, að ríkisstjórnin hafi falið sér að skýra frá því, að hún hafi fallizt á, að í vegavinnu á komandi sumri skyldi „greitt tímakaup samkvæmt núgildandi samningum þess verk lýðsfélags innan sömu sýslu, sem næst er þeim stað, sem vinnan er framkvæmd á, að visu með nokkrum skýringum til þess að skilgreina glögg taktörk einstakra kaupsvæða“. Enn fremur segir í sama bréfi: „Skýringar mínar, sem ég hef þegar rætt við yður, fylgja hér með á sérstöku blaði.“ Síðan eru í sama bréfi ákvæði um ýmis kjör verkamanna, svo sem um kaffihlé, ákvæðisvinnu o. fl.

Eins og greinir í bréfi vegamálastjóra fylgdi því skrá yfir kaupsvæðin, að Austurlandi undanskildu. Eru þau talin 25. Á lista þessum voru að tilhlutan alþýðusambandsins gerðar tvær breytingar, en að öðru leyti var ekki af þess hálfu hreyft athugasemdum við hann, en hann var að öllu leyti gerður samkvæmt upplýsingum, sem framkvæmdastjóri alþýðusambandsins lét vegamálastjóra í té um verk lýðsfélög og umsamið kaupgjald.

Í 23. lið listans segir svo:

„Raufarhafnarkaupsvæði nær að Blikalóni og Hóli. Annars staðar í Þingeyjarsýslum greiðist kr. 1.90 á klst.“

Samkvæmt þessu greiddi vegamálastjórnin kr. 1.90 á klst. í vegavinnu á Vaðlaheiði, við Grenivíkurveg og Svalbarðsstrandarveg í Þingeyjarsýslu.

Með bréfi, dags. 25. maí s.l., en þá var vegavinnan þar nyðra hafin fyrir nokkru, sendir Verk lýðsfélag Svalbarðsstrandar alþýðusambandinu kjarasamning, er það hefði gert 5. febr. þ. á. við atvinnurekendur á Svalbarðseyri. Samkvæmt þeim

samningi mundi kaup í vegavinnu á kaupsvæði þess félags hafa numið kr. 2.10 á klst. Telur nefnt félag vegavinnu í Vaðlaheiðar-, Grenivíkur- og Svalbarðsstrandarvegi vera á sínu starfssvæði og eigi hún því að greiðast með kr. 2.10 á klst., en ekki með kr. 1.90, eins og gert var.

Eftir að alþýðusambandið hafði fengið kjarasamning Verklyðsfélags Svalbarðsstrandar, eða nánar tiltekið þann 23. júní s.l., átti framkvæmdarstjóri þess tal við vegamálastjóra og skýrði honum frá nefndum kjarasamningi, og að samkvæmt honum teldi alþýðusambandið að greiða bæri hærra kaup, en gert væri ráð fyrir í 23. lið kaupsvæðaskrárinnar, en þessi málaleitun var ekki tekin til greina. Og eftir að alþýðusambandið hafði ítrekað kröfu þessa bréflega 30. sept. s.l. var mál þetta höfðað af þess hálfu, svo sem að framan greinir, til viðurkenningar á kröfu þess.

Stefnandi byggir málssókn sína á því, að kaupsvæðaskráin, sem fylgdi bréfi vegamálastjóra, dags. 2. maí s.l., hafi aðeins verið til skýringar á samningi þeim, er fólst í bréfi vegamálastjóra, en ekki hluti af honum og hafi hún því verið undirorpin leiðréttingum og breytingum, sem búast hafi mátt við að gera þyrfti, ef fyllri upplýsingar kæmu frá verklyðsfélagum út um land, varðandi kaupgjald á einstökum stöðum. Hafi vegamálastjóra því verið skylt að taka til greina kröfu stefnanda um breytt kaupgjald á Svalbarðsstrandarsvæði, er það kom í ljós, að þar hafði verið gerður kjarasamningur um hærra kaup, en gert var ráð fyrir í kaupsvæðaskránni. Þar hafi verið um sjálfstætt kauplagssvæði að ræða og sé það gagnstætt anda og orðalagi samnings þess, er felst í bréfi vegamálastjóra, að ganga fram hjá heilu kauplagssvæði.

Stefndi telur hins vegar, að nefnd kaupsvæðaskrá sé hluti af samningi aðilja og með ákvæðum hennar hafi verið samið fast og endanlega um kaupið á þeim svæðum, sem hún tilgreinir, þar á meðal á svæði því, sem um er deilt í máli þessu. Hún sé að öllu leyti samin eftir upplýsingum frá alþýðusambandinu og komi ekki til mála, að síðar geti komið fram kröfur um annað kaup en þar greinir, enda óvíst, hver orðið hefðu takmörk kaupsvæðis þess, sem um er deilt, ef vitað hefði verið um samninginn á Svalbarðseyri, þegar samkomulag aðilja var gert.

Varakrafan byggist á því, að þó skylt yrði talið að greiða hærra kaupið, gæti sú skylda ekki hafizt fyrr en frá þeim

degi, er tilmæli um það komu fyrst fram, en það hafi verið 23. júní s.l.

Telja verður, að kaupsvæðaskrá sú, er fylgdi bréfi vegamálastjóra, sé raunverulega hluti af samningi þeim um kaup og kjör í vegavinnu milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, sem bréf vegamálastjóra 2. maí s.l. er staðfesting á, og því háð sömu reglum sem önnur ákvæði samningsins, þannig, að fyrirmælum hennar verði ekki breytt án samþykkis beggja aðilja.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, er skrá þessi að öllu leyti samin eftir upplýsingum frá alþýðusambandinu. Verður að telja, að vegamálastjóri hafi, er hann samdi hana, mátt byggja á því, að alþýðusambandið, sem kom fram fyrir hönd verk lýðsfélaganna, hefði í höndum fullnægjandi upplýsingar um kaupgjald á þeim svæðum, er hún náði til. Þurfti hann því ekki að gera ráð fyrir því í starfsáætlun sinni varðandi vegagerð í sumar, að fram kæmu kröfur um annað kaup, en skráin gerði ráð fyrir, enda enginn fyrirvari um það gerður, að kaupákvæðum samningsins skyldi breytt, ef það kæmi í ljós síðar, að þau væru ekki í fullu samræmi við gildandi kaupgjaldssamninga. Það er og upp komið, að vegamálastjóri greiddi alls staðar það kaup, sem talið hafði verið í gildi, er kaupsvæðaskráin var samin, einnig á Raufarhafnarsvæði, þótt kaup samkvæmt þargildandi kjarasamningi reyndist lægra en skýrt hafði verið frá við samningu skrárinnar, en vitneskja um það barst honum frá alþýðusambandinu samtímis Svalbarðsstrandarsamningnum.

Samkvæmt framansögðu ber að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, atvinnumálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verk lýðsfélags Svalbarðsstrandar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.